

Fréttabréf



8. ÁRGANGUR // 2. TÖLUBLAÐ // MARS 2010

Aðalfundur FIT

Vakna þú mín Þyrnirós

FIT ryður brautina

- rætt við stjórnarmann í FIT

Þjónustukönnun

- niðurstöður

Umsókn um orlofsdvöl

Heimsóknir

- Suðurland og Vestmannaeyjar





Stjórnarkjör FIT

Frestur til að skila inn framboðum til hluta stjórnar rann út að kvöldi 19. febrúar. Engar tillögur bárust aðrar en tillaga uppstillinganefndar og telst hún því samþykkt. Kjörinu verður lýst formlega á aðalfundi þann 21. mars.

Nýr orlofshúsa- bæklingur



Orlofshúsabæklingur FIT fyrir árið 2010 er kominn út stærri en nokkru sinni. Að þessu sinni er boðið uppá 29 orlofsíbúðir auk

íbúðar í Reykjavík, tjaldvagna, íbúðar á Spáni, húss á Florida og ferðatilboða. Þessu til viðbótar er kynning á golfvelli í

Öndverðarnesi. Óhætt er að fullyrða að fá ef þá nokkur félög af svipaðri stærð bjóða uppá jafn marga orlofskosti. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern af þessum fjölmörgu möguleikum sem þarna eru í boði.


Fréttabréf FIT
2. tbl. 8. árg. mars 2010

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Lykilorð á orlofsvefinn

Lykilorð
félagsmanna inn
á orlofsvefinn
er að finna á
félagsskírteininu,
það eru tölurnar á
eftir kennitöluinni.



Síðan mín á orlofshúsavefnum

Þegar félagsmenn skrá sig inn á orlofshúsavef FIT þá bætist einn hnappur við sem heitir „Síðan mín.“ Þar undir eru fjórir flokkar: Mínar umsóknir, kort & miðar, mínar upplýsingar og umsagnir um leigugeignir. Undir mínar umsóknir er hægt að skoða allar umsóknir sem viðkomandi félagsmaður hefur sótt um og stöðuna á þeim. Með því að ýta á stækkunaglerið þá er hægt að sjá sundurliðun á hvaða eign var bókuð, leigutímabilið, verð, punktakostnað, stöðuna á umsókn og hægt að prenta kvittun með þessum hnappi eða prenta út leigusamning með þessum hnappi. Undir kort og miðar er hægt að sjá þau kort eða þá miða sem viðkomandi félagsmaður hefur keypt. Undir mínar upplýsingar eru skráðar upplýsingar eins og netfang félagsmanns, símanúmer hans og heimilisfang. Þar er einnig hægt að breyta upplýsingum. Í umsagnir um leigugeignir er hægt að gefa viðkomandi orlofshús einkunn og gefa umsagnir með því að ýta á þennan hnapp.

Veiðikortið 2010

Veiðikortið mun verða til sölu á orlofsvef FIT á sama góða lága verðinu. Kortið kostar í lausasölu kr.6.000, eins og í fyrra, en á orlofsvef FIT mun kortið kosta kr.3.000. Hver félagsmaður mun get keypt 1 kort á þessum kjörum.

Vakna þú mín Þyrnirós

Hagstofan mælir verðbólguna í 7,3% um þessar mundir. Þegar hrúnið mikla varð, var okkur sagt að verðbólgan mundi hjaðna mjög hratt og krónan styrkjast. Fljótlega áttuðu menn sig þó á því að þetta tæki eitthvað lengri tíma og við tók óvissan. Og óvissan virðist engan enda ætla að taka. Hver hagspáin rekur aðra sem segir að þetta verði svona nokkra mánuði í viðbót svo fari þetta að lagast. En það bara gerist ekki. Úrræði ríkisstjórnarinnar eru lítil og fálmkennd og allur tími og kraftur fer í lcesave-deiluna. Stöðugleikasáttmálinn er að verða marklaust plagg og efnahagsáætlun Íslands og AGS í uppnámi. Ekki bætir úr skák að þjóðaratkvæðagreiðslan sem er framundan mun enn auka á óvissuna sem fyrir er og hættan á stjórnarkreppu eykst sem ef af verður mun enn auka á óvissuna. Allt þetta þýðir enn meiri samdrátt í efnahagslífinu sem mun enn auka á atvinnuleysið. Hagdeild ASÍ spáir nú að atvinnuleysið verði yfir 10% á árinu sem er að líða því landsframleiðslan muni dragast saman um 5%. Þetta eru algerlega óásættanlegar tölur og kominn tími til að þingmenn þjóðarinnar hætti að deila og snúi bökum saman. Þessi mikli samdráttur sem blasir við, mun hafa domíno áhrif. Aukinn samdráttur mun leiða til aukins halla á ríkissjóði, sem aftur þýðir auknar skattaálgögur sem sóttar verða í launaumslög landsmanna, en jafnframt þýðir þetta aukinn niðurskurð sem auka atvinnuleysið.

En af hverju er verðbólga á Íslandi á tímum þessa gífurlega samdráttar þar sem viðskiptajöfnuðurinn er hagstæður?

Hann hefur ekki verið jafn hagstæður í marga áratugi. Jú verðbólgan er innflutt. Þegar krónudruslan hrapaði, þurfti fleiri krónur til að borga fyrir innflutninginn. Fyrst héldu menn að sér höndum og vonuðu að gengisfallið kæmi



að einhverju leyti til baka en þegar harðna tók á dalnum og lagerar innflutningsfyrirtækjanna fóru að tæmast, varð ekki hjá því komist að kaupa á háa genginu. Vöruverð hefur því farið hækkandi, ekki í einsstafa prósentum heldur í tugum prósentu. Þessar hækkanir þýða verðbólgu og þeir sem lánuðu peninga á Íslandi verða að geta keypt jafn mikið af vöru fyrir peninginn þegar þeir fá endurgreitt. Þetta kallast verðbætur.

Lítum til áranna 2006 og 2007.

Menn rekur kannski minni til að á þessum tíma kom það æði oft fyrir að gengi krónunnar var á dálitlu flökti. Helst var það þó rétt fyrir mánaðamót sem slíkt varð. Enginn þóttist vita af hverju þetta stafaði, en svo kom í ljós að þetta stafaði af þeirri einföldu ástæðu, að fjármálafyrirtækin tóku stöðu gegn krónunni. Ef þessi aðgerð orsakaði ranga gengisskráningu sem leiddi til hækkunar á verðtryggðu lánunum, t.d. húsnæðislánum allra sem voru með þau í íslenskum krónum, þarf að leiðrétta það. Af hverju er þessi aðgerð fjármálafyrirtækjanna ekki skoðuð betur. Þetta er eitt af því sem hafa þarf í huga við leiðréttingu lána. Það er réttlætismál að fjármálafyrirtækin skili til baka ofteknu fé sem þau fengu í formi verðbóta, sem urðu af gjörðum þeirra sjálfra. Við krefjumst þess að allt sé skoðað, líka verðbótapáttur lána fyrir hrun.

Rannsóknarskýrsla Alþingis, sem koma átti út í nóvember er svo viðamikil og harmþrungin, að ekki hefur enn tekist að ljúka henni. Með reglulegu millibili koma nefndarmenn í fjölmiðla og tilkynna klökkum rómi, að útgáfu sé frestað. Hvað á þetta að ganga svona lengi? Við krefjumst þess að allt komi upp á borðið, STRAX!

Hilmar Harðarson, formaður FIT.

Um takmarkaðan ráðningartíma

Fljótlega eftir að efnahagsþrengingarnar hófust í lok síðast árs tók að bera á því að atvinnurekendur takmörkuðu ráðningartíma nýrra starfsmanna þ.e. réðu þá tímabundið á grundvelli laga nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna. Þessi lög hafa mikinn og góðan tilgang og nægir þar að skoða 2. grein laganna;

Markmið laga þessara er að bæta tímabundnar ráðningar með því að tryggja meginregluna um að starfsmönnum með tímabundna ráðningu sé ekki mismunað miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið. Enn fremur er lögum þessum ætlað að koma í veg fyrir misnotkun er byggist á því að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum án hlutlægra ástæðna.

En er það samt svo að hægt sé að segja að tekist hafi að koma í veg fyrir misnotkun sem byggist á því að hver tímabundni ráðningarsamningurinn taki við af öðrum án hlutlægra ástæðna? Því miður er ekki svo. Uppsagnarfrestur er að hámarki 3 mánuðir en samt eru all nokkur dæmi til um það að fólk fær bara ráðningu í einn tvo eða þrjá mánuði í einu. Þetta fólk verður að búa við þá stöðugu óvissu að vita ekki hvort framhald verður á vinnu þeirra þegar ráðningartíma lýkur eða hvort atvinnurekandanum þóknast að bjóða þeim áfram tímabundna ráðningu. Samkvæmt lögnum er óheimilt að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfelld lengur en tvö ár, en það má öllum

vera ljóst að andleg líðan starfsmanna sem stöðugt búa við slíka óvissu hlýtur að vera slæm. Vissulega eru þeir tímar nú að fyrirtæki eiga í miklum erfiðleikum, en það er ekki alltaf ástæðan fyrir skammtímaráðningum. Dæmi er um stórt og öflugt fyrirtæki í opinberri eigu sem er að nota sér ástandið og ræður tímabundið sömu starfsmenn á þriggja mánaða fresti. Þetta fyrirtæki hlýtur að geta skipulagt sig betur en svo að svona þurfi að vera viðvarandi. Það var hægt fyrir kreppu og er hægt enn.

Það er ósennilegt að löggjafinn hafi reiknað með að starfsmenn væru í þeirri stöðu að verða taka þá vinnu sem að þeim er rétt og eiga litla sem enga möguleika á að andmæla því ef þeir fá bara ráðningu frá mánuði til mánuðar, enda lögin sett á uppgangstímum þegar eftirspurn eftir vinnuafli var meiri en framboðið. Það er því mikil þörf fyrir breytingar á þessum lögum. Til dæmis mætti hugsa sér að óheimilt væri að framlengja skammtímaráðningu nema einu sinni. Því mætti einnig bæta í lögin að starfsmaður með skammtímaráðningu ætti forgang í starfið en þá yrði að fastráða hann. Þá kunna menn að spyrja hvort þá yrði bara ekki farið í að kalla starfið eitthvað annað og ráða inn nýja og nýja starfsmenn í staðinn. Vissulega væri það hægt en því fylgir alltaf töluverð vinna og kostnaður, bæði í launabókhaldi og ekki síður í þjálfun og því til viðbótar yrði að vera hægt að sýna framá að um nýtt starf væri að ræða. Það vita allir að mjög óhagstætt er fyrir fyrirtæki að vera stöðugt að skipta um starfsmenn.

Ef ekki tekst að ná fram breytingum á lögnum þarf að taka þetta málefni upp við gerð næsta kjarasamnings og reyna að ná fram ásættanlegri niðurstöðu við samningaborðið. Lögin heimila aðilum vinnumarkaðarins að semja um annað fyrirkomulag á framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga en um marga kjarasamninga er að ræða og því einfaldast að lögnum yrði breytt, öllu launafólki til hagsbóta.



Kjarasamningar - ný uppsetning

Verið er að setja kjarasamninga inn á heimasíðu FIT í sama form og fréttabréfin eru. Það auðveldar leit og skoðun á samningi.

Á aðgerðarbar uppi vinstra megin á síðunni kemur fram blaðsíðutal og með því að ýta á fremri tölurnar er hægt að slá inn þá blaðsíðu sem óskað er eftir að skoða og ýta á enter og þá birtist sú síða. Hægra megin á þessum aðgerðarbar er hægt að slá inn leitarorði og þá birtist vinstra megin á síðunni yfirlit yfir þær bls. sem viðkomandi leitarorð er á.


Hægt er að fletta frá blaðsíðu til blaðsíðu með því að smella á blaðsíðu eða velja ör sem er hægra og vinstra megin við samninginn. Á aðgerðabarnum niðri vinstra megin er hægt að velja efnisyfirlit, bókamerki, smámyndir, fastur hlekkur, fullur skjár, þysja inn, prenta síðu, vista síðu eða spila (sem er óvirkt). Á aðgerðabarnum niðri eru einnig örvar lengst til hægri og hægt að fletta blaðsíðu fyrir blaðsíðu eða fara fremst í samning eða aftast.

Ef valið er efnisyfirlit kemur upp yfirlit yfir kaflana í samningnum og ef valinn er ákveðinn kafli þá birtist hann. Ef ýtt er á örina við ákveðinn kafla birtast undirkaflar. Ef örvar eru efst á

efnisyfirlitnu og/eða neðst eru fleiri kaflar sem birtast ef ýtt er á örina.

Hægt er að merkja við ákveðnar blaðsíður ef valið er bókamerki og skýra eigin nöfnum. Næst þegar farið er inn í samninginn, er hægt að skoða þessi bókamerki aftur. Ef valdar eru smámyndir er hægt að renna yfir blaðsíðurnar á myndaformi og velja ákveðna blaðsíðu. Engin virkni er á „fastur hlekkur“. Með því að velja fullur skjár er hægt að sjá betur texta en einnig með því að þysja inn.

Á næstunni munu einnig launataxtar koma inn á þessu formi.



Aðalfundur

Félags iðn- og tæknigreina verður haldinn í Kiwanishúsinu Engjateigi 11, laugardaginn 13. mars 2010 kl. 11:30

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, uppstillinganefndar og skoðunarmanna reikninga lýst.
5. Tillögur um fulltrúa á ársfund lífeyrissjóða sem FIT er aðili að Tillaga um fulltrúa á ársfund ASÍ 2010.
6. Tillaga um fulltrúa á þing Samiðnar.
7. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins.

Stjórnin.

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km. fjarlægð frá fundarstað.

Ármann Ægir Magnússon, húsasmiður í Hveragerði, er stjórnarmaður og gjaldkeri FIT en hann hefur starfað með félaginu frá upphafi og var meðal þeirra sem hvöttu til sameiningar. Blaðamaður fréttablaðs FIT kom að máli við Ármann og spurði hann út í stofnun Sunniðnar, FIT og framtíðina.

FIT ryður brautina í sameiningu iðnaðarmannafélaga

„Sunniðn var stofnað 12. mars árið 1995 upp úr tveimur félögum: Félagi byggingarmanna í Rangárvallarsýslu og Félagi byggingarmanna í Árnassýslu en byggingarmenn úr Vestur-Skaftafellssýslu gengu einnig til liðs við okkur,” segir Ármann og bætir við að Sunniðn hafi verið með skrifstofu á Selfossi sem mikið var leitað til.

„Við vorum þarna í samvinnu við önnur stéttarfélög á Suðurlandi en saman mynduðu þau hagkvæma þjónustueiningu. Á þessum árum taldi Sunniðn um 200 félaga og félagið starfaði í átta ár eða til ársins 2003 þegar FIT var formlega stofnað þann 12. apríl.”

Allir vissu af Sunniðn

Ármann segir mikla virkni hafa verið í Sunniðn og mikið leitað til þeirra meðan félagið starfaði enda hafi allir vitað af því.

„Liðsmenn Sunniðnar stóðu sig vel í að vekja athygli á félaginu, meðal annars með því að leita ráðgjafar frá auglýsingafólki og þessi vinna skilaði sér í því að menn kynntust félaginu, vissu fyrir hverju það stóð og gátu þannig leitað til þess.

Það voru reglulega skrifaðar blaðagreinar eftir ákveðnum formúlum og þannig gekk okkur mjög vel að kynna Sunniðn fyrir fólki. Öllum þessum árum síðar man fólki enn eftir Sunniðn og enn er ég spurður að því hvort ég sé ekki formaður Sunniðnar,” segir Ármann og skellir upp úr.



Aðdragandi þess að Sunniðn kom að sameiningu FIT var sá að félög innan Samiðnar könnuðu möguleika á því að yrði eitt félag. Niðurstaðan varð sú að stór hluti félaganna sem voru í Samiðn sameinuðust í FIT en Sunniðn var meðal þessara félaga. Ármann segir að reynslan hafi gert Sunniðnarmönnum auðveldara með sameininguna enda hafi sameiningin við stofnun Sunniðnar (sem varð til úr tveimur félögum) gengið vel fyrir sig.

„Á þessum tíma voru liðsmenn í Sunniðn í raun brautryðjendur í sameiningu iðnaðar-



mannafélaga. Við vorum búnir að sameinast Rangæingum og á sama tíma voru bíliðngreinar og blikksmiðir að sameinast. Þarna voru þá komin tvö félög með reynslu af sameiningu. Með öðrum orðum; við vorum búnir að læra þetta og reynslan hjálpaði okkur af því við höfðum áður gengið í gegnum þetta með góðum árangri.”

Ög Ármann segir ástæðuna fyrir samrunanum einfalda. Að baki henni lá viljinn til að gera betur, veita betri þjónustu:

„Við áttuðum okkur á því að þetta félag var ekki nógu stórt til að geta veitt nútímalega þjónustu í þessum greinum og þannig sáum við fram á að Sunniðn þyrfti að verða mikið öflugra til að standast samkeppni annarra félaga. Þá smám saman myndast stemmning fyrir sameiningunni enda lá það fyrir að með henni myndum við verja hagsmuni okkar umtalsvert betur.“

Þjónustustigið hækkaði

Ármann er afdráttarlaus þegar hann er spurður að því hvort hann telji að þjónustustigið hafi hækkað við sameininguna.

„Svo sannarlega. Þjónustustigið hefur hækkað stöðugt og gerir það áfram jafnt og þétt eftir þessa sameiningu. Stéttafélögin eru að færast yfir í að verða öflug þjónustufélög sem geta veitt fyrirmyndarþjónustu í öllum greinum en með samstöðunni fáum við aukið

afl til að veita þessa fyrirmyndarþjónustu. FIT þróaðist strax upp í að vera mjög öflugt félag iðnaðarmanna. Þrátt fyrir að félögin séu mörg hver ólík er mikil samstaða innan FIT og þess vegna getum við aukið hratt við þjónustuna.“

Spurður að því hvert markmiðið sé með þjónustuskristofum á landsbyggðinni segir Ármann það vera að fjölga þeim með tímanum en eins og staðan er í dag eru tvær skrifstofur í Reykjavík, ein á Selfossi, ein í Vestmannaeyjum, ein í Reykjanesbæ og ein á Akranesi. Á Selfossi sameinast skrifstofan með nokkrum stéttarfélögum um þjónustu:

„Jafnframt því starfar þar ráðgjafi hjá Virk starfsendurhæfingu á Selfossi, Ágústa Guðmarsdóttir, sem aðstoðar fólk tengdum sjúkrasjóðunum sem á í erfiðleikum



Ármann Ægir, Ágústa, Jóna Dóra, Þórunn.



með heilsuna. Ennfremur er þar að finna Vinnumálastofnun þar sem félagsmenn FIT á svæðinu geta m.a. leitað aðstoðar í atvinnuleysi sem er talsvert um þessar mundir. Á sömu hæð er líka Lífeyrissjóðurinn Festa en félagsmenn FIT á Reykjanesi tilheyra honum,“ Langflestir félagar FIT greiða í Sameinaða lífeyrissjóðinn. FIT er aðili að fjórum lífeyrissjóðum. Um þjónustustigið bendir Ármann á vefinn en hann segir skrifstofur landsbyggðarinnar starfa betur með þeim formerkjum að nú hafi þjónustan einnig verið færð á netið í miklum mæli. Allar skrifstofurnar verið samtengdar bæði í símkerfi og vefnum og að sífellt fleiri nýti sér þjónustuna „Auðvitað er eitthvað aldursbil manna sem ekki notar vefinn en sá hópurinn sem notar hann fer samt alltaf stækkandi til dæmis varðandi bústaði, sjúkrasjóðinn og fleira.

Atvinnurekendur eru líka farnir að leita meiri upplýsinga á vefnum og það er vel því við viljum halda góðu samstarfi við þá.“

Beljur þarf að mjólka

Ármann segir atvinnuástand á Suðurlandi í hálfgerðu frosti um þessar mundir en þó skárta en annarsstaðar hjá félagsmönnum FIT.

„Eins og staðan er í dag hjá FIT á Suðurlandi, febrúar 2010, eru 20 húsasmiðir á atvinnuleysis-skrá, einn söðlasmiður, sjö í bílgreinum, þrír málara, einn múrari og sjö garðyrkjumenn auk sex annarra.

Það er þónokkur fjöldi iðnaðarmanna hér sem skráir sig ekki í félag og missir af félagslegum réttindum hjá FIT. Rétt er að geta þess að félagsgjaldið hjá FIT er með því lægsta sem gerist hjá iðnaðarmannafélögum. Margir einyrkjar sjá sér hag í að vera í FIT.

Ástæða þess að hér er minna atvinnuleysi en í t.d. höfuðborginni eru tengslin við landbúnaðinn auk þess sem við förum aldrei jafn hátt í

uppsveiflum eða jafn langt niður í niðursveiflum og aðrir.

Það þarf að mjólka beljurnar jafn oft á dag, sama hvort það er upp eða niðursveifla,“ segir Ármann.

Samstaðan gerir okkur sterka

Spurður að því hvort FIT hafi uppfyllt væntingar Ármanns sem hefur verið með frá upphafi getur hann ekki annað en játað því.

„Félagið hefur uppfyllt væntingar mínar og gott betur en það. Það er þessi mikla samstaða sem er innan stjórnar FIT sem gerir þetta að svona góðu félagi. Menn eru almennt sammála um hlutina og lífill ágreiningur. Þessi samstaða gerir okkur sterka á svellinu og stærðareiningin gerir okkur jafnframt kleift að gera hlutina og eiga fyrir þeim.“

Hugum að því hvar við viljum vera eftir tíu ár

Langtíma markmið FIT er að allir iðnaðarmenn sameinist í eitt stéttarfélag. Nánast á hverju ári frá því FIT var stofnað árið 2003 hafa fleiri iðnaðarmannafélög gengið til liðs við félagið og félagar vilja að sú þróun haldi áfram enda sé það styrkur fyrir alla.

Ármann bendir á að netið sé jafnframt stór þáttur í framtíðarplönun FIT en nú er stefnt að því að koma um 80-90% af samskiptum í gegnum heimasíðuna.

Hann skrifar líka velgengnina á skýra stefnu og gott samstarf:

„Félagið er í stöðugri stefnumótun og það ert einn af helstu styrkleikum þess. Við erum alltaf að endurmeta og taka stöðuna og bregðumst svo við eftir því. Núna höfum við stefnumótun til ársins 2013 á borðinu og pælum hiklaust í því hvar við viljum standa eftir tíu ár,“ segir Ármann Ægir Magnússon að lokum.



Efri röð: Hilmar, Ágústa og Jóna. Neðri röð: Þórunn, Halldóra, Hugrún, Jóna Dóra og Ármann Ægir.

Félagsmenn ánægðir með FIT

Í þjónustukönnun meðal félagsmanna FIT í nóvember og desember 2009 voru félagsmenn spurðir um viðhorf þeirra til félagsins og þjónustu þess, en FIT leggur mikið upp úr góðri þjónustu við félagsmenn og leggur metnað sinn í að hlusta eftir viðhorfum þeirra til hennar.


Könnunin var kynnt í fréttabréfi FIT þar sem öllum félagsmönnum (4.065 félagsmenn) var boðið að taka þátt. Hægt var að svara með rafrænum hætti eða með því að senda inn útfyllt

spurningablað. 396 félagsmenn svöruðu eða 9,7% félagsmanna.


Hér á eftir eru svörin borin saman við sambærilega könnun frá 2006, þar sem sömu spurningar voru notaðar.

Stjórn FIT vinnur þessa dagana við að fara yfir niðurstöðurnar og ekki síst þær fjölmörgu ábendingar sem komu frá svarendum, sem hugsanlega geta nýst við frekari eflingu á FIT og þjónustu þess.


Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




Kyn og aldur




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með FIT?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu FIT?




Telur þú að auka eigi við eða draga eigi úr þjónustu FIT?




Hversu vel eða illa telur þú FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með símenntun á vegum fræðslumiðstöðva sem FIT er aðili að?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá orlofsvalkosti sem þér býðst hjá FIT?




Hversu oft ferðu á vefsíðu FIT?



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf FIT?



Telur þú að eigi að auka við eða draga úr sýnileika (t.d. auglýsingar og kynningar) FIT meðal almennings?



Telur þú þig hafa hag af aðild þinni að FIT?



Hver heldur þú að staða FIT verði eftir þrjú ár?



UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL SUMARIÐ 2010

Nafn _____ Kennitala _____
Heimili _____ Póstnúmer _____
Netfang _____ Sími (gsm) _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um allt að 12 valmöguleika. Merkið **með tölunni 1** sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5 og 6 til vara. Skyggðir fletir tákna að húsið/tjaldvagninn er ekki til útleigu.

Vika nr.		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Upphafsdagur		4. júní	11. júní	18. júní	25. júní	2. júlí	9. júlí	16. júlí	23. júlí	30. júlí	6. ágúst	13. ágúst	20. ágúst
Lokadagur		11. júní	18. júní	25. júní	2. júlí	9. júlí	16. júlí	23. júlí	30. júlí	6. ágúst	13. ágúst	20. ágúst	27. ágúst
Klifabotn	Hús												
Akureyri – Smárahlið 16e	Raðhús												
Akureyri – Furulundur 10e	Íbúð												
Akureyri – Furulundur 10m	Íbúð												
Akureyri – Furulundur 11a	Íbúð												
Akureyri – Furulundur 6L	Íbúð												
Brekkuskógur – nr. 8	Hús												
Brekkuskógur – nr. 10	Hús												
Vestmannaeyjar – Heiðarvegur 7	Íbúð												
Ölfusborgir	Hús												
Hallskot Fljótshlíð	Hús												
Svignaskarð	Hús												
Skorradalur – nr. 17 (efra)	Hús												
Skorradalur – nr. 17 (neðra)	Hús												
Skorradalur – nr. 40	Hús												
Vogur á Mýrum	Hús												
Stóra Hof	Hús												
Stykkishólmur	Raðhús												
Þrastarskógur	Hús												
Öndverðarnes – Réttarhólsbr. 40	Hús												
Úthlíð – Kónsvegur 1	Hús												
Úthlíð – Kónsvegur 3	Hús												
Úthlíð – Djáknavegur 6	Hús												
Úthlíð – Skógarás 1	Hús												
Illugastaðir	Hús												
Húsafell – Birkilundur 2	Hús												
Húsafell – Birkilundur 3	Hús												
Húsafell – Hvítárbrekkur 6	Hús												
Húsafell – Kiðárbotnar 1	Hús												

-26 punktar

-36 punktar

-26 punktar

UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL SUMARIÐ 2010



TJALDVAGNAR

Vika nr.		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
Upphafsdagur		10. júní	17. júní	24. júní	1. júlí	8. júlí	15. júlí	22. júlí	29. júlí	5. júlí	12. ágúst	
Lokadagur		16. júní	23. júní	30. júní	7. júlí	14. júlí	21. júlí	28. júlí	4. ágúst	11. ágúst	18. ágúst	
Tjaldvagn												

-18 punktar

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR

Athugið að enn er laust í húsunum okkar á Flórída og Spáni.

Sjá „laus tímabil“ á orlofsvefnum.

Enn eru laus nokkur **Ferðatilboð** - sjá „Miðasala“ á orlofsvefnum.

FLORIDA: Opnað verður á bókanir ársins 2011 á orlofsvefnum þann 1. mars.

Leiðbeiningar:

- Best er að panta rafrænt á Orlofsvefnum - sjá www.fit.is
- Skyggðir fletir tákna að húsið/tjaldvagninn er ekki til útleigu.
- Fjöldi punkta í frádrátt kemur fram fyrir neðan töfluna .
- Vikuverð á húsi er kr. 18.000 og tjaldvagni kr. 14.000.
- Tjaldvagnar eru leigðir frá fimmtudagsmorgni til kl. 16 á miðvikudegi.
- Ef umsóknin er send í pósti þarf að tryggja að hún berist í tæka tíð.

UMSÓKNIR VERÐA AÐ HAFNA BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 16. MARS

Umsóknir sendist til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fax 5356020 - Sími 5356000 - Tölvupóstur: orlof@fit.is

Hægt er að fylla umsóknina út og senda hana sem viðhengi í tölvupósti, með faxi eða pósti.

Sjá nánar á www.fit.is





Efri röð: Gunnlaugur Friðgeirsson, Menech. Neðri röð: Sveinbjörn Jóhannsson, Sveinn Jónsson, Ármann Ægir Magnússon, Þór Sigurðsson, Ómar Guðmundsson, Ásgeir Símonarson og Hilmar Harðarson.

Þjónustubygging á Helli

- byggt á réttum tíma

Formaður Fit Hilmar Harðarson og gjaldkeri Ármann Ægir fóru í vinnustaða heimsóknir á Suðurland fimmtudaginn 11. febrúar.

Byrjað var á heimsókn á Helli þar sem verið er að byggja tengibyggingu milli Suðurlandsvegar 1 og 3. Þar eru skrifstofur Verkalýðsfélags Suðurlands, Lífeyrissjóðs Rangæinga, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, heilsugæslan og fleiri, ásamt skrifstofu Rangárþings ytra og versluninni Kjarval. FIT á 10% í húsnæði verkalýðsfélaganna og er þar af leiðandi aðili að nýju tengibyggingunni. Það er fyrirtækið

Selhús á Selfossi sem byggir. Meðal þess sem rætt er um að verði í tengibyggingunni er bakarí, Lyf og heilsa, deild frá Fjölbrautaskóla Suðurlands auk fundasala og fleira.

Menn voru bara brattir með að vera í þessu verki sem er alveg á réttum tíma út frá atvinnuleysi sem hrjáir svo víða. Í spjalli við starfsmenn kom fram að menn höfðu sterkar skoðanir á iðnnáminu og meistaraskólanum sem löngu er kominn tími til að færa til nútímans og tengja framhaldsnámi á háskólastigi.





Styrkleiki og góð þjónusta fara saman í FIT

Ingólfur Rögnvaldsson, húsasmiður á Hellu, var stjórnarmaður í Sunniðn þegar félagið sameinaðist FIT, honum finnst vel hafa tekist til. Ingólfur er inntur eftir því hvort menn telji að áhrifa Bakkahafnar muni gæta á Hellu.

„Hafnarmannvirkið á Bakka hefur mjög jákvæð áhrif. Við hér á Hellu erum að undirbúa okkur fyrir að taka á móti verulegri aukningu ferðamanna. Aðkoman að bænum breyttist með hringtorginu og verið er að gera aðkomu að miðbænum betri með fjölgun bílastæða og meiri þjónustu. Búið er að stækka sundlaugagarðinn, fjölga heitum pottum og verið er að fjölga smáhýsum á tjaldstæðinu. Allt hefur þetta jákvæð áhrif“.

En telur hann ekki að nálægðin við Hvolsvöll muni draga úr áhrifum nýju hafnarinnar?

„Á Hvolsvelli er líka verið að undirbúa fjölgun ferðamanna. Báðir bæirnir Hella og Hvolsvöllur munu njóta góðs af fjölgun ferðamanna þegar ferja byrjar siglingar á Bakka, það er ekki spurning“.

Ingólfur segir horfur í byggingariðnaði á svæðinu ekki góðar um þessar mundir og telur stöðvun

undirbúningsvinnu við framkvæmdir í neðri Þjórsá slæmt mál fyrir svæðið. „Að hefja framkvæmdir þar í þessari kreppu hefði haft áhrif um landið allt atvinnulega séð. Þessi handarbakavinnubrögð eru hreint ótrúleg“ segir hann og vonar að stjórnvöld átti sig fljótlega á mikilvægi þessara verkjana fyrir atvinnulífið.

Ingólfur er ánægður með þróun FIT og er viss um að fleiri Rangæingar séu nú í FIT en þegar Sunniðn var og hét. „FIT er með öfluga starfsemi og sjúkra-sjóð sem getur greitt 90% af launum í langvarandi veikindum ásamt mörgu fleiru. Þá er orlofssjóðurinn sterkur og öll þjónusta markvissari og nærtækari. FIT hefur nálgast dreifbýlið með heimasíðunni og þróun hennar ásamt útgáfu fréttablaðs og orlofsbæklings. Styrkleiki og góð þjónusta fara saman í FIT“ segir hann að lokum.



Hafnarframkvæmdir í Bakkafjöru

Ferðinni var haldið áfram með Ingólfi Rögnvaldssyni, húsasmiði á Hellu, austur í Bakkafjöru. Framkvæmdirnar þar skoðaðar með Baldri Ólafssyni starfsmanni Suðurverks, sem upplýsti okkur um framgang verksins. Herjólfur á að byrja að sigla frá Bakka til Eyja 1. júlí n.k. en þá verður eftir einhver frágangur á Bakka. Hjá Suðurverki starfa um 30 manns við hafnarmannvirkið. Garðar Ólafsson frá Hvolsvelli sér um bryggjumannvirki. Stálburðarsúlur eru reknar djúpt niður í sandinn og steipt í þær. Síðan er bryggjustálið rekið niður, fyllt að og steipt yfir.

S.Á. Verklausnir voru að byrja að koma sér fyrir við smíði hafnarhússins sem verður um 280 fermetrar á tveimur hæðum.

Skoðaðar voru grjótnámurnar á Hamarsheiði þar sem grjótið var sprengt upp og flutt niður á sand. Árfarvegi Markarfljóts var síðan breytt austur fyrir grjótlagerinn, göng gerð undir þjóðveg 1, grjótið svo selflutt þaðan í brimvarnargarðana. Sagan segir að Dofri Eysteinnsson forstjóri Suðurverks hafi gengið um heiðina í tvo daga og síðan bent á staðinn sem grjótið skyldi tekið.





Efri röð: Tomasz Walicki, Wojciech Jankowski, Guðmundur Bergsson, Ármann Ægir Magnússon, Bergur Guðmundsson, Kári Helgason, Hilmar Harðarson. Neðri röð: Ingvar Jónsson, Jón Kristinn Guðmundsson og Kristinn Gunnarsson.

Elsta einingahúsaverksmiðja landsins

Hjá S.G húsum á Selfossi tók Kári Helgason á móti okkur og sagði að frá því að kreppan skall á hafi orðið mikill samdráttur í byggingu einingahúsa, en áður hafði verið allt upp í eins árs

bið eftir S.G. húsum. Fyrirtækið hefur brugðist við m.a. með því að fara í viðhaldsverkefni. Nú starfa 24 menn hjá S.G. húsum bæði á verkstæði og í uppsetningum



Ármann Ægir Magnússon, Örn Þórðarson sveitarstjóri Rangárþings ytra, Hilmar Harðarson, Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga.



Einar Jónsson, Árni Ingvi Benediktsson, Sverrir Einarsson, Sigríður Runólfsdóttir, Birgir Árdal, Ingvi Rafn Sigurðsson og Viðar Bjarnason.

Fagmenn afgreiða fagmenn

Í Húsasmíðjunni á Selfossi tók Sverrir Einarsson framkvæmdastjóri á móti okkur en hjá honum vinnur vaskur hópur iðnaðarmanna sem flestir eru í FIT



Bílaverkstæðið Rauðalæk

Á heimleiðinni var farið í heimsókn á Bílaverkstæðið Rauðalæk. Þar tók á móti okkur Þórður Pálmason bifvélavirkjameistari og hans menn, Sigurður Jónsson bílamálari, Stefán Þór Sæmundsson bifreiðasmiður, Þórarinn Pálsson bifvélavirki

og Sæmundur Jónsson bifvélavirki. Örlíttill samdráttur hefur orðið hjá fyrirtækinu sem kemur sér ágætlega til að skvera fyrirtækið upp en annars eru menn bara bjartsýnir.



Benedikt Eiríksson, Baldur Pálsson, Guðmundur Guðnason, Jón Helgi Daníelsson, Eggert Guðlaugsson og Ármann Ægir Magnússon.

Ánægjuleg samskipti

- farið var í heimsókn í trésmiðju Selhúss á Selfossi. Þar tók á móti okkur Baldur Pálsson forstjóri sem er jafnframt formaður Meistarafélags Suðurlands.

Á verkstæðinu eru menn í óða önn að smíða einingar á þak Suðurlandsvegar 1 til 3 á Hellu Þessar einingar stóð til að flytja inn en fyrirtækið fékk heimild til að smíða þær hér heima. Fyrirtækið Selhús er með 16 manns í vinnu og er með verk efni fram á haust. Þar á meðal 2000 fm. skemmu á bænum Byggðarhorni.

Sem formaður Meistarafélags Suðurlands segist

Baldur eiga gott og ánægjulegt samstarf við FIT, sem sé nauðsynlegt í nútímasamfélagi enda séu hagsmunirnir 90% sameiginlegir.

Endurmenntunarnefnd FIT og MFS hittist tvisvar á ári þar sem farið er yfir þörf á námskeiðum frá iðunni og staðan tekin í fagreinunum og atvinnumálunum.





Sumarhús í Úthlíð

Í Úthlíð í Biskupstungum á FIT fjögur orlofs-
hús og einnig tvö hús í Brekkuskógi, sem er
í fimm mínútna akstursfjarlægð. Í Úthlíð er
fyrirtaks þjónusta á veitingastaðnum Réttinni
og í versluninni, sem er í þjónustumiðstöðinni.
Hestaleiga er á staðnum. Í Úthlíð er 9 holu

golfvöllur, sem mörgum þykir gaman að spreyta
sig á og svo er tilvalið að fara í sundlaugina.
Örstutt er að skreppa að Gullfossi og Geysi. Úthlíð
og Brekkuskógur er því kjörinn staður til að eyða
sumarfríinu eða hluta af því



Þrír af fjórum viðmælendum okkar í Vestmannaeyjum kallast A.K.P eða aðkomupakk samkvæmt skilgreiningum innfæddra. Þeir kynntust allir ástinni í Eyjum og ílengdust eftir það, enda alltaf nóg að gera. Blaðamaður fréttablaðs FIT kom að máli við þá Ágúst, Regin, Jón og Gunnar sem allir hafa starfað við járn eða trésmíðar til margra ára.

Enginn skortur á verkefnum í Vestmannaeyjum

- hjá trésmíðafyrirtækinu Steina og Olla í Vestmannaeyjum starfa tuttugu og sex manns. Fyrirtækið var stofnað 1984 og er í eigu nokkurra aðila sem allir eru búsettir í Eyjum.





Ágúst Einarsson er meðal starfsmanna fyrirtækisins. Hann ætlaði bara að fara á vertíð og búa í Eyjum í tvo mánuði en kynntist konu og hefur núna verið þar í 40 ár.

Ágúst er lærður húsasmiður frá lðnskólanum í Reykjavík en lauk náminu eftir að hann flutti til Eyja með prófi frá þekktum húsasmiðameistara, Einari Ágústssyni, föður sínum. Spurður út í verkefnastöðuna segir Ágúst hana bara þokkalega og atvinnuástandið nákvæmlega eins og undanfarið ár. „Þetta er bara ágætt og nokkuð sambærilegt við það sem hefur verið undanfarin áratug. Það er og hefur alltaf verið nóg að gera hjá okkur. Núna erum við að byggja fótboltahús sem verður hálft til að byrja með en með möguleika á stækkun og hjá sundlauginni erum við að taka útisvæðið í gegn. Setja upp nýjar rennibrautir og potta.“

Hann segir stöðu fyrirtækisins nokkuð góða þó að þenslan sé ekki sambærileg við það sem hefur verið á meginlandinu.

„Þetta er allt í ágætis jafnvægi hjá okkur.“



Regin Jacobsen er frá Færeyjum og hefur starfað hjá Steina og Olla síðan 1998. Regin flutti til Vestmannaeyja árið 1993 en þá ríkti mikil kreppa í Færeyjum og margir fóru til annarra landa:

„Ég kom hérna með bát frá Færeyjum og sótti um pláss á línubát, fékk það og er núna giftur íslenskri konu og á tvö börn. Það voru rosa margir á mínum aldri sem fóru frá Færeyjum í kreppunni og þá helst til Íslands, Noregs og Danmerkur enda auðveldara að fá pláss á línubátum.“ Regin tekur undir orð Ágústs með verkefnastöðuna:

„Ég myndi segja að verkefnastaðan væri góð eins og er. Hún hefur alltaf verið góð og nóg að gera. Það hefur hvorki verið bætt við né sagt upp. Bara fastur mannskapur og enginn skortur á verkefnum. Svo tökum við einhverja stráka í sumarvinnu stundum. Þannig má segja að ástandið hérna sé bara stöðugt og það er gott.“



Nokkrir strákarnir frá Steina og Olla skipta um þak á Fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar.



Skipalyftan

Skipalyftan ehf var stofnuð 14. nóvember 1981 af Vélsmiðjunum Magna og Völundi ásamt raftækjaverkstæðinu Geisla. Vélsmiðjurnar Magni og Völundur hættu rekstri og sameinuðust í hinu nýja félagi. Árið 1982 flutti félagið alla sína starfsemi í nýtt húsnæði við hlið skipalyftu sem Vestmannaeyjabær var að ljúka við að byggja en 1. júní 1982 tók hið nýja félag formlega við lyftunni og þeim mannvirkjum sem henni fylgja á leigu til 25 ára. Hjá Skipalyftunni starfa tuttugu og fimm manns en fyrirtækið tekur að sér margskonar vinnu í Eyjum, bæði renni, járnsmíði, málningarvinnu og margt fleira.





Jón Valur Jónsson hefur starfað hjá Skipalyftunni í rúm tólf ár en hann flutti fyrst til Eyja árið 1992 og fann ástina í Eyjum eins og algengt er með a.k.p eða "aðkomupakk" eins og Vestmannaeyingar kalla það. Líkt og þeir Ágúst og Regin segir hann stöðuna góða.

„Það er nóg að gera á flestöllum vígstöðvum og maður hefur ekki fundið fyrir kreppunni með þessum stóra skelli, sem talað er um annarsstaðar. Núna er til dæmis nóg að gera í loðnunni sem er byrjuð að láta sjá sig. Við erum aðallega að þjónusta sjávarútvegsgeirann og því er ekki undan miklu að kvarta þar um þessar mundir, fyrir utan kannski of lítinn loðnukvóta.“

Jón Valur er á því að sameiningin við FIT hafi yfirleitt gengið vel en kvartar helst undan því að það sé orðið erfiðara að fá gististað í Reykjavík. „Það eina sem maður finnur fyrir er að það er orðið erfiðara að fá íbúðina sem Sveinafélag járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum átti í Reykjavík. Við samrunann urðu mikið fleiri um þessa íbúð. Maður fer helst í „borg óttans“ af illri nauðsyn og þá er gott að hafa greiðan gististað. En mér skilst að félagið ætli að kaupa aðra íbúð svo þetta stendur víst til bóta. Við höfum allavega verið að hamra á yfirmanninum þarna í FIT eins og köldu járn, en ég held að hann sé eitthvað farinn að hitna,“ segir Jón Valur og skellir upp úr.



Gunnar Ólafsson hefur starfað hjá Skipalyftunni í 25 ár eða frá því stuttu eftir sameiningu fyrirtækjanna. Hugur hans rann rakleiðis í átt að faginu þegar hann fékk vel útborgað eftir starfskynningu aðeins fjórtán ára gamall.

„Ég fór einhvern tíma í starfskynningu hjá Magna sem peyi en fyrirtækin Völundur og Magni sameinuðust og urðu að Skipalyftunni. Maður var ekki nema fjórtán ára og var þarna í þrjá daga en eftir þessa þrjá daga borguðu þeir mér sveinskaup. Maður hafði verið í fiski og fengið eitthvað smá borgað –en aldrei svona, svo ég keypti hugmyndina strax!“

Hver er staðan á verkefnum hjá ykkur í dag?


„Við erum að bíða eftir því að lyftan verði gerð upp eftir að hún hrundi þarna 2006. Það var verið að taka upp báta og það slitnuðu vírar í spil-unum þannig að skipið hrundi niður með sex mönnum sem fóru í sjóinn. Það skilur eiginlega enginn hvernig þeir sluppu lifandi frá þessu. Nú er búið að taka spilin upp og eitthvað byrjað að gera við þetta. Þegar það er klárt þá verður meira að gera í þessu þó við kvörtum ekki undan verkefnaskorti eins og er þó það sé ekkert brjáláð.“

Hvernig finnst þér hafa tekist til með sameiningu við FIT?

–„Ég held að mér sé bara farið að lítast betur á þetta. Ég er alveg sáttur núna. Sumir hafa reyndar talað um að það væri erfiðara að fá íbúðina eftir sameiningu en ég hef ekkert fundið fyrir því. Held þetta verði bara allt í lagi og jafnvel betra. Það er örugglega betra fyrir okkur að semja við vinnuveitendur með FIT á bak við okkur og úr fleiru að velja þegar kemur að orlofshúsum, námskeiðum og þessháttar. Ég hef reyndar ekkert sótt þessi námskeið en ætli maður myndi ekki vera virkari ef það væri komið með þau hingað. Til dæmis gætu þeir byrjað á að kenna okkur hvernig á að fara á námskeið.“

Vestmannaeyjar

Í Vestmannaeyjum á FIT íbúð að Heiðarvegi 7. Þessi íbúð er með þeim flottari eins og sést á myndunum enda eru vinsældir hennar alltaf að aukast. Íbúðin hefur verið í fullri leigu á sumrin en búast má við því að ásóknin í hana aukist til muna, eftir að Herjólfur hefur siglingar á Bakka þann 1. júlí nk. og þá verði flestar helgar í útleigu á veturna líka.



Í Vestmannaeyjum er FIT í samstarfi við VR um rekstur þjónustuskrifstofu. Þar eru þrír starfsmenn, þær Ásta Sigrún Gunnarsdóttir og Guðrún Erlingsdóttir fyrir VR og svo (fyrir miðri mynd) Guðný Hrefna Einarsdóttir, starfsmaður FIT. Þessar glaðbeittu stúlkur taka vel á móti þeim sem til þeirra leita, eru með heitt á könnunni og greiða fúslega götu fólks í gegnum kjarasamningafrumskóginn.



Starfsstúlkur í Blómavali á Selfossi.

Raunfærnimat í húsasmíði

Margir einstaklingar á vinnumarkaðnum hafa í gegnum áralanga reynslu byggt upp umtalsverða færni í ákveðinni starfsgrein, en ekki lokið námi í henni. Þessir einstaklingar búa yfir færni og þekkingu sem vert er að skoða og meta. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur mótað aðferðafræði, ráðgjöf og þjálfun fagaðila í raunfærnimati en IDAN fræðslusetur hefur umsjón með raunfærnimati í sínum iðngreinum.

Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Mat á raunfærni byggist á því að meta færni einstaklinga og setja fram raunstöðu hans í náminu. Að því loknu eru allar skólaleiðir skoðaðar til þess að einstaklingur ljúki námi. Tilgangur raunfærnimats er að draga fram og meta raunfærni sem einstaklingurinn býr yfir.

Skilyrðin fyrir þátttöku í raunfærnimati er 25 ára lífaldur og 5 ára staðfestur vinnutími (með opinberum gögnum) í greininni sem einstaklingur hyggst ljúka.

Mikilvægt er að hafa í huga að raunfærnimat er ekki undanþága frá þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt aðalnámsskrá og einungis er verið að meta faggreinar brautarinnar.

Raunfærnimatsferlið er í fimm liðum.

1. Upplýsingum miðlað og endurgjöf. Viðtal

hjá náms- og starfsráðgjafa og þátttakendur afla gagna s.s. lífeyrissjóðsyfirliti og náms- og starfsferli.

2. Skráning í færnimöppu, þar er skjalfest almenn færni og sjálfsmat þátttakenda á faggreinum námsins.
3. Greiningarviðtal þar sem fagaðili hittir þátttakandann og er farið yfir færni og þekkingu hans, honum til stuðnings er náms- og starfsráðgjafi.
4. Staðfesting á loknum áföngum.
5. Mat og viðurkenning á raunfærni. Námsáætlun útbúin.

Í öllum tilvikum stendur eitthvað nám eftir og þá er útbúin námsáætlun fyrir þátttakandann til þess að hann getið lokið því námi sem eftir er ásamt námssamningi og sótt um sveinspróf.

Raunfærnimat er mikil hvatning til náms fyrir einstaklinga á vinnumarkaði og gefur þeim tækifæri á að ljúka námi.

Á hugasömum er bent á að hafa samband við Fræðslunet Suðurlands s: 480-8155 eða með tölvupósti asmundur@fraedslunet.is.

Höfundur:

Íðunn Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi
IDAN fræðslusetur





MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séreignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is